



Skagafjörður

Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Skagafirði 2015.

1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Skagafirði skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 126 – 1 miðað við 8% álag, 13,04% orlof og 25% launatengd gjöld, samtals **2.430 kr**

2.gr

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrir/örorkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og sérstaka uppbót (framfærsluviðmið) frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka. Eða **225.070 kr.** (einstaklingur).
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **337.605 kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun ríkisins.
8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.
9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

3. gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngriog skal draga meðlagsupphæð frá Tryggingastofnun ríkisins (1.1.2015) **26.863 kr.** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

Tekjumörk og gjaldflokkar

Gjaldskrá heimaþjónustu 2015 samþ. Sveitarstjórn 15.12.2014					
		Tekjumörk gjaldfrí undir	Tekjur undir greiði 1/3 gjald	Tekjud undir greiði 1/2 gjald	Tekjur yfir greiði fullt gjald
	Viðmið kr. 2.430				
Fjölsk. gerð	Einstaklingur	225.070	337.605	393.873	393.874
	Hjón	337.605	506.408	590.809	590.810
Gjald	Einstaklingur	0	810	1.215	2.430
	Hjón	0	810	1.215	2.430